Júlí 2021

HVATARBLAÐIÐ

Fjallkona Grímsnes- og Grafningshrepps 2021
Dagný Davíðsdóttir, flutti hún ljóðið
„Sjá dagar koma" eftir Davíð Stefánsson

FUNDARGERÐ.

507. fundur sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps var haldinn í stjórnsýsluhúsinu Borg, miðvikudaginn 2. júní 2021 kl. 9.00 f.h.

Fundinn sátu:

Steinar Sigurjónsson í fjarveru Ásu Valdísar Árnadóttur

Björn Kristinn Pálmarsson

Smári Bergmann Kolbeinsson

Karl Þorkelsson í fjarveru Ingibjargar Harðardóttur

Ragnheiður Eggertsdóttir í fjarveru Bjarna Þorkelssonar

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Steinar Sigurjónsson.

1. Fundargerðir.

a) Fundargerð 12. fundar veitunefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 17. maí 2021.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

b) Fundargerð 218. fundar Skipulagsnefndar Uppsveita, 26. maí 2021.

Mál nr. 19, 20, 21, 22, 23, 24 og 30 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram 218. fundargerð Skipulagsnefndar Uppsveita, dagsett 26. maí 2021. Eftirfarandi dagskrárliðir þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;

Mál nr. 19: Svínavatn L168286; Svínavatn 3; Stofnun lóðar - (2105014).

Lögð er fram umsókn Hugrúnar Hörpu Björnsdóttur f.h. eiganda, dags. 05. maí 2021, um stofnun landeignar úr jörðinni Svínavatn L168286. Um er að ræða 50.707,5 fm spildu sem óskað er eftir að fái staðfangið Svínavatn 3.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða erindið. Ekki er gerð athugasemd við staðfestingu landskipta skv. 13. gr. jarðalaga.

Mál nr. 20: Björk 2 L201555; Endurnýjun hitaveitustofns; Framkvæmdaleyfi - (2105055).

Lögð er fram umsókn frá Grímsnes- og Grafningshreppi er varðar endurnýjun á hitaveitustofni að Bjarkarbæjum.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða útgáfu framkvæmdaleyfis fyrir endurnýjun hitaveitustofna.

Mál nr. 21: Miðengi L168261; Stækkun námu; Aðalskipulagsbreyting - (2105059).

Lögð er fram beiðni frá Benedikt Gústafssyni er varðar breytingu á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps. Í breytingunni felst stækkun á rauðamölsnámu í landi Miðengis, skilgreind E12 í aðalskipulagi.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða gerð skipulagslýsingar í samræmi við framlagða umsókn. Skipulagslýsing verði auglýst til kynningar og umsagna í samræmi við 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Sveitarstjórn bendir á að aukin efnistaka á svæðinu sé tilkynningarskyld á grundvelli 1. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum lið 2.03. Mælst er til þess að samhliða verði unnin tilkynningarskýrsla vegna hugsanlegs mats á umhverfisáhrifum.

Mál nr. 22: Miðengi L168261; Efnistaka úr námu; Framkvæmdaleyfi - (2105060).

Lögð er fram umsókn frá Benedikt Gústafssyni er varðar framkvæmdaleyfi fyrir efnistöku úr námu E12 í landi Miðengis. Í umsókninni felst efnistaka að 50.000 m3 sem er hámarksefnistaka innan námunnar samkvæmt aðalskipulagi. Samkvæmt framlögðum gögnum hafa nú þegar verið teknir 48.400 m3 af svæðinu.

Sveitarstjórn telur að forsenda frekari efnistöku á svæðinu sé uppmæling svæðisins. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að útgáfu framkvæmdaleyfis verði frestað og felur skipulagsfulltrúa að annast mælingu á námunni sem staðfesti hversu mikið magn efnis hafi verið unnið úr námunni.

Mál nr. 23: Torfastaðir 2 (L170829); umsókn um byggingarleyfi; fjarskiptamastur - (2105029).

Fyrir liggur umsókn Gauts Þorsteinssonar fyrir hönd Nova ehf. og umboð jarðareiganda, móttekin 06.05.2021, um byggingarleyfi til að setja upp fjarskiptamastur á jörðina Torfastaðir 2 L170829 í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að málið fái málsmeðferð á grundvelli 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með fyrirvara um niðurstöðu grenndarkynningar. Berist engar athugasemdir vegna grenndarkynningar skal málinu vísað til afgreiðslu byggingarfulltrúa.

Mál nr. 24: Neðan-Sogsvegar 2 L169489; Staðfesting á afmörkun lóðar - (2105017).

Lögð er fram umsókn Sigurðar Óla og Sigurjóns Sigurðssona, dags. 6. maí 2021, um staðfestingu á hnitsettri afmörkun lóðarinnar Neðan-Sogsvegar 2 L169489 sem ekki hefur legið fyrir áður. Lóðin er skráð 14.550 fm í Þjóðskrá en mælist 13.157,8 fm skv. hnitsettu mæliblaði. Lóðin er innan skipulags fyrir frístundasvæði í landi Norðurkots m.s.br. Fyrir liggur samþykki lóðarhafa aðliggjandi lóðar, Neðan-Sogsvegar 3 á hnitsettri afmörkun, og samþykkt lóðablöð fyrir Neðan-Sogsvegar 4.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirliggjandi umsókn. Ekki er gerð athugasemd við staðfestingu landskipta skv. 13. gr. jarðalaga.

Mál nr. 30: Afgreiðslur byggingarfulltrúa – 21-143.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 19. maí 2021.

c) Fundargerð 48. fundar Skólaþjónustu- og velferðarnefndar Árnesþings, 11. maí 2021.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

d) Fundargerð 22. fundar Héraðsnefndar Árnesinga bs., 18. maí 2021.

Mál nr. 12 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Eftirfarandi dagskrárliður þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;

Mál nr. 12: Húsnæðismál Héraðsskjalasafns Árnesinga – tilboð um húsnæði

Ákveðið var að bjóða verkið út og vann Efla öll gögn fyrir útboðið. Einungis eitt tilboð barst frá Akurhólum ehf. upp á 389 millj.kr. fullbúið húsnæði án húsgagna, afhendingartími í október 2022.
Tillaga Héraðsnefndar er að taka tilboði Akurhóla ehf. og er stjórn falið að semja við Akurhóla ehf. að fengnu samþykki aðildarsveitarfélaga Héraðsnefndar um að fara í verkefnið.

Sveitarstjórn fagnar því að húsnæðismál Héraðsskjalasafnsins séu komin í farveg og samþykkir samhljóða að fara í verkefnið.

e) Fundargerð framkvæmdaráðs Almannavarna Árnessýslu, 14. maí 2021.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

f) Fundargerð aðalfundar Háskólafélags Suðurlands, 19. maí 2021.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

2. Skipulagslýsing svæðisskipulags Suðurhálendisins 2020-2032.

Fyrir liggur skipulagslýsing fyrir svæðisskipulag Suðurhálendisins 2020-2032, unnin af Eflu.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða skipulagslýsinguna.

3. Fasteignagjöld 2017 til 2021 – Hestur lóð 123 (F224-8528).

Fyrir liggur bréf frá Einari Huga Bjarnasyni hrl. fyrir hönd Blönduhlíðar 727, eiganda frístundahúss að Hesti lóð 123 (F224-8528), dagsett í apríl 2021, þar sem þess er krafist að Grímsnes- og Grafningshreppur breyti álagningu fasteignagjalda ársins 2018 fyrir umrædda eign á þann hátt að fasteignaskattur, sorpeyðingargjald og vatnsskattur eignarinnar verði alfarið ákvarðaður samkvæmt a-lið 3. mgr. 3. gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fela lögmanni sveitarfélagsins, Óskari Sigurðssyni hrl., að svara erindinu.

4. Umsögn Vegagerðarinnar vegna héraðsvegar að bænum Snæfoksstöðum.

Fyrir liggur bréf frá Vegagerðinni, dags. 27. maí 2021, þar sem tilkynnt er að umsókn um nýjan héraðsveg að Snæfoksstöðum í Grímsnes- og Grafningshreppi hafi verið samþykkt og að vegurinn verði færður inn á vegaskrá sem nýr héraðsvegur.

Lagt fram til kynningar.

5. Bréf frá Orlofsnefnd húsmæðra í Árnes- og Rangárvallasýslu varðandi greiðslu vegna orlofs húsmæðra.

Fyrir liggur bréf frá Orlofsnefnd húsmæðra í Árnes- og Rangárvallasýslu, dags. 20. maí 2021, varðandi greiðslu vegna orlofs húsmæðra. Meðfylgjandi bréfinu er reikningur, skýrsla um starfsemi orlofs húsmæðra í Árnes- og Rangárvallasýslu, ársreikningur fyrir árið 2020 og yfirlit yfir greiðslur allra sveitarfélaga sem greiða skulu í Orlof húsmæðra í Árnes- og Rangárvallasýslu.

Lagt fram til kynningar.

6. Ársskýrsla og ársreikningur Heilbrigðiseftirlits Suðurlands fyrir árið 2020.

Fyrir liggur ársskýrsla og ársreikningur Heilbrigðiseftirlits Suðurlands fyrir árið 2020.

Lagt fram til kynningar.

7. Stöðuskýrsla nr. 15 frá uppbyggingarteymi félags- og atvinnumála vegna Covid-19.

Fyrir liggur tölvupóstur frá Maríu Ingibjörgu Kristjánsdóttur hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, dags. 28. maí 2021, þar sem kynnt er 15. stöðuskýrsla teymis um uppbyggingu félags- og atvinnumála í kjölfar COVID-19.

Skýrslan lögð fram til kynningar.

8. Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið kynnir til samráðs mál nr. 115/2021, „Hvítbók um byggðamál“.

Fyrir liggur að Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið kynnir til samráðs mál nr. 115/2021, „Hvítbók um byggðamál“.

Lagt fram til kynningar.

9. Beiðni Atvinnuveganefndar Alþingis um umsögn á tillögu til þingsályktunar um endurskoðun á laga- og reglugerðarumhverfi sjókvíaeldis, 640. mál.

Fyrir liggur beiðni Atvinnuveganefndar Alþingis um umsögn á tillögu

til þingsályktunar um endurskoðun á laga- og reglugerðarumhverfi sjókvíaeldis, 640. mál.

Þingsályktunartillagan lögð fram til kynningar.

10. Beiðni Velferðarnefndar Alþingis um umsögn á tillögu til þingsályktunar um nýja velferðarstefnu fyrir aldraða, 720. mál.

Fyrir liggur beiðni Velferðarnefndar Alþingis um umsögn á tillögu til þingsályktunar um nýja velferðarstefnu fyrir aldraða, 720. mál.

Þingsályktunartillagan lögð fram til kynningar.

11. Beiðni Atvinnuveganefndar Alþingis um umsögn á tillögu til þingsályktunar um aðgerðir til að auka framboð og neyslu grænkerafæðis, 612. mál.

Fyrir liggur beiðni Atvinnuveganefndar Alþingis um umsögn á tillögu til þingsályktunar um aðgerðir til að auka framboð og neyslu grænkerafæðis, 612. mál.

Þingsályktunartillagan lögð fram til kynningar.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið kl: 10:10

17. júní

Á 17. júní hátíðarhöldunum á Borg veitti stýrihópur Heilsueflandi samfélags fimm viðurkenningar til handa þeim sem hafa stutt við og starfað í anda markmiða Heilsueflandi samfélags.

Á myndinni eru frá vinstri Karen Jónsdóttir og Elín Lára Sigurðardóttir sem fengu viðurkenningu fyrir að halda utan um heilsueflandi hópstjórn í nafni Þjálfun og slitgigt færni, Ragna Björnsdóttir, formaður Kvenfélags Grímsneshrepps, Guðrún Ása Kristleifsdóttir formaður Ungmennafélagsins Hvatar, María Jacobssen, formaður og Reynir Pétur Steinunnarson fyrir hönd Íþróttafélagsins Gnýs og Jóna Björg Jónsdóttir, skólastjóri Kerhólsskóla.

Þetta sannarlega hvetur félagasamtök og einstaklinga til að halda áfram að vinna að verkefnum sem snúa að heilsueflingu.

Skólaslit Kerhólsskóla

Skólaslit Kerhólsskóla fóru fram föstudaginn 4. júní. Skólaslit 1. – 4. bekkjar og útskrift leikskóladeildar fóru fram klukkan 10:00 og skólaslit fyrir 5. – 10. bekk fóru fram klukkan 11:00. Nemendum 10. bekkjar og fjölskyldum þeirra var síðan boðið í mat. Fram kom í máli Jónu Bjargar Jónsdóttur, skólastjóra að skólastarf vetrarins hafi gengið ótrúlega vel þrátt fyrir mjög sérstakar aðstæður vegna Covid. Nemendur og starfsfólk hafi staðið sig frábærlega og samtakamáttur þessara tveggja hópa hafi skilað sér í góðu starfi. Hún óskaði öllum gleðilegs sumars og sagðist hlakka til að sjá nemendur aftur í skólanum í haust. Magnús Hlynur Hreiðarsson tók meðfylgjandi myndir.

Nemendur 2. bekkjar alsæl upp á sviði með vitnisburð sinn eftir veturinn. Með þeim er Þóra Gylfadóttir, kennari og Jóna Björg, skólastjóri.

Nemendurnir 1. bekkjar ásamt kennara sínum,
Önnu Katrínu og Jónu Björgu.

Þrír nemendur útskrifuðustu úr 10. bekk en það eru þau Hugdís, Gunnar og Georgia. Þau eru hér með Guðrúnu Ásu, kennara sínum.

Nemendur 6. bekkjar með kennurum sínum, Helgu og Alice.

Fjórir strákar útskrifuðustu úr leikskóladeildinni og munu því hefja nám í 1. bekk í haust. Þeir eru hér með þeim Sigríði Þorbjörnsdóttur, deildarstjóra leikskólans og Birtu Skúladóttur, leiðbeinanda.

Nemendur 5. bekkjar með kennurum sínum, Helgu og Alice.

Nemendur 3. og 4. bekkjar með kennara sínum, Sigfúsi Heimissyni.

Nemendur 8. og 9. bekkjar með kennurum sínum, Helgu og Alice.

Saumakompan

TEK AÐ MÉR MARGSKONAR EINFALDAN SAUMASKAP

Elsa Jónsdóttir

Sími 864-4642

Sumarlokun skrifstofu Grímsnes- og Grafningshrepps

Skrifstofa Grímsnes- og Grafningshrepps er lokuð vegna sumarleyfa starfsmanna

frá 19. júlí til og með 6. ágúst 2021.

Sumarleyfi sveitarstjórnar

Sveitarstjórn verður í sumarleyfi seinni fund í júlí og fyrri fund í ágúst.
Næsti fundur sveitarstjórnar verður 18. ágúst kl. 9:00.

HEILBRIGÐISSTOFNUN SUÐURLANDS

Heilsugæslustöðin Laugarási er opin frá kl. 8.00 – 15.00 alla virka daga.
Tímapantanir og bókun í símaviðtal er í síma 432 2770.

Blóðprufur eru teknar mánudaga – fimmtudaga.

Athugið að bóka þarf tíma í blóðprufur og beiðni frá lækni þarf að liggja fyrir.

Lyfjaendurnýjun er á heilsuvera.is

FUNDARGERÐ.

508. fundur sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps var haldinn í stjórnsýsluhúsinu Borg, miðvikudaginn 16. júní 2021 kl. 9.00 f.h.

Fundinn sátu:

Björn Kristinn Pálmarsson, varaoddviti

Karl Þorkelsson í fjarveru Ásu Valdísar Árnadóttur

Smári Bergmann Kolbeinsson

Ingibjörg Harðardóttir

Ragnheiður Eggertsdóttir í fjarveru Bjarna Þorkelssonar

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Ingibjörg Harðardóttir.

1. Fundargerðir.

a) Fundargerð 13. fundar veitunefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 7. júní 2021.

Mál nr. 2, 3, 6 og 7 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Eftirfarandi liðir þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar;

Mál nr. 2: Fimm ára áætlun vatnsveitu.

Fyrir liggur minnisblað Ragnars Guðmundssonar dags. 22.05.2021 um langtímaáætlun vatnsveitu. Í minnisblaðinu er lögð fram tillaga að fjárfestingaáætlun fram til ársins 2026.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða framlagða fjárfestingaáætlun.

Mál nr. 3: Umsókn um hitaveitutengingu við Lækjarbraut 2a.

Fyrir liggur umsókn um hitaveitutengingu við Lækjarbraut 2a.

Sveitarstjórn hafnar nýtengingunni samhljóða þar sem ekki hefur verið lögð stofnlögn í hverfið.

Mál nr. 6: Tilboð í göngustíg í Ásborgum.

Fyrir liggur minnisblað Ragnars Guðmundssonar dags. 27.05.2021 um tilboð í stígagerð í Ásborgum. Kostnaðaráætlun verkefnisins hljóðaði upp á 5.028.000 kr. Einungis eitt tilboð barst í verkefnið en það var frá Suðurtak ehf. að fjárhæð 13.025.000 kr. og er því 159% yfir kostnaðaráætlun.

Sveitarstjórn hafnar tilboðinu samhljóða á grundvelli kostnaðaráætlunar.

Mál nr. 7: Tilboð í hönnun og eftirlit fráveitu í Ásborgum.

Fyrir liggur minnisblað Ragnars Guðmundssonar dags. 19.05.2021 um tilboð í hönnun og eftirlit með hreinsistöð í Ásborgum. Kostnaðaráætlun hljóðaði upp á 5.683.693 kr. en þrjú tilboð bárust í verkið. Tilboðin sem bárust voru frá Mannvit hf. að fjárhæð 6.131.800 kr., Verkís hf. að fjárhæð 8.895.000 kr. og Berki Reykjalín Brynjarssyni (Hvati ráðgjöf) að fjárhæð 1.520.400 kr.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að taka tilboði lægstbjóðanda, Barkar Reykjalín Brynjarssonar.

b) Fundargerð 93. fundar fræðslunefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 7. júní 2021.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

c) Fundargerð 219. fundar Skipulagsnefndar Uppsveita, 9. júní 2021.

Mál nr. 8, 9, 10, 11, 12, 13, 14 og 21 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram 219. fundargerð Skipulagsnefndar Uppsveita, dagsett 9. júní 2021. Eftirfarandi dagskrárliðir þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;

Mál nr. 8: Torfastaðir 1 L170828; Breytt landnotkun; Aðalskipulagsbreyting - (2003014).

Lögð er fram tillaga aðalskipulagsbreytingar vegna Torfastaða 1 L170828 í Grafningi. Í tillögunni felst að landnotkun á um 25 ha svæði innan jarðar Torfastaða er breytt úr landbúnaðarlandi í frístundabyggð. Samhliða er lögð fram fornleifaúttekt innan svæðisins til kynningar. Tillaga aðalskipulagsbreytingar var í kynningu frá 28. apríl til 19. maí 2021. Engar athugasemdir bárust á kynnningartíma.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirliggjandi tillögu um breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins vegna Torfastaða í samræmi við 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og að tillagan verði auglýst skv. 1. mgr. 31 sömu laga að undangenginni samþykkt Skipulagsstofnunar.

Mál nr. 9: Ártangi L168272; Ný lóð og stækkun byggingarreits; Deiliskipulagsbreyting - (2106002).

Lögð er fram umsókn frá Gunnari Þorgeirssyni er varðar breytingu á deiliskipulagi að Ártanga. Í breytingunni felst skilgreining á nýrri lóð og stækkun á byggingarreit.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða viðkomandi breytingu á deiliskipulagi svæðisins og að málið fái málsmeðferð á grundvelli 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar breytingar á deiliskipulagi.

Mál nr. 10: Hraunborgir í landi Hraunkots L168252; Svæði A; Fjarskiptamastur fyrir MÍLU; Deiliskipulagsbreyting - (2106006).

Lögð er fram umsókn frá MÍLU er varðar breytingu á deiliskipulagi í landi Hraunkots, svæði A. Í breytingunni felst að skilgreint verði svæði fyrir fjarskiptamastur, alls um 36 fm.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða viðkomandi breytingar á deiliskipulagi svæðisins með fyrirvara um að innan gagnanna verði skýrt hvort að viðkomandi athafnasvæði eigi að vera sér lóð eða ekki. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi og verði grenndarkynnt næstu nágrönnum og sumarhúsafélagi svæðisins.

Mál nr. 11: Hestur L168251 (lóð 8); Ný lóðamörk og breytt lega byggingarreits; Deiliskipulagsbreyting - (2106009).

Lögð er fram umsókn frá Hákoni Páli Gunnlaugssyni fh. Jarðarinnar Hests ehf. er varðar breytingu á deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Hests. Í breytingunni felst breyting á lóðarmörkum og ný lega byggingarreits á lóð 8.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða viðkomandi breytingar á deiliskipulagi svæðisins og að málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi og verði grenndarkynnt.

Mál nr. 12: Nesjavallavirkjun L170925; Uppsetning tilraunalofthreinsistöðvar; Framkvæmdaleyfi - (2105105).

Lögð er fram umsókn um framkvæmdaleyfi frá Orku náttúrunnar ehf. er varðar uppsetningu tilraunahreinsistöðvar. Leyfið hefur nú þegar verið afgreitt á grundvelli heimilda deiliskipulags og fyrri umsagna vegna málsins. Lagt fram til kynnningar.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu málsins innan UTU.

Mál nr. 13: Giljatunga 32, 34 og 37; Ásgarður í Grímsnesi (2.áfangi); Stækkun byggingarreita; Deiliskipulagsbreyting - (2106014).

Lögð er fram umsókn frá Önnu Ólöfu Haraldsdóttur er varðar breytingu á deiliskipulagi í landi Ásgarðs. Í breytingunni felst stækkun byggingarreita á lóðum Giljatungu 32,34 og 37.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða viðkomandi breytingar á deiliskipulagi svæðisins. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi og verði grenndarkynnt næstu nágrönnum. Sveitarstjórn mælist til þess við skipulagsfulltrúa að viðkomandi breyting verði skoðuð m.t.t. fjarlægðar frá raflínum á svæðinu.

Mál nr. 14: Ásborgir í landi Ásgarðs; Göngustígur; Deiliskipulagsbreyting - (2106020).

Lögð er fram umsókn frá Grímsnes- og Grafningshreppi er varðar deiliskipulagsbreytingu að Ásborgum í landi Ásgarðs. Í breytingunni felst skilgreining göngustíga innan svæðisins.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða viðkomandi breytingar á deiliskipulagi svæðisins. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi.

Mál nr. 21: Afgreiðslur byggingarfulltrúa – 21-144.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 2. júní 2021.

d) Fundargerð 86. fundar stjórnar Umhverfis- og tæknisviðs Uppsveita, 26. maí 2021. Mál nr. 1 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Mál nr. 1 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Eftirfarandi liður þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;

Mál nr. 1: Drög að gjaldskrá skipulagsfulltrúa.

Vigfús og Jóhannes kynntu drög að gjaldskrá skipulagsfulltrúa. Stjórnin er sammála um nauðsyn þess að uppfæra gjaldskránna til að koma til móts við þann kostnað sem verkefnið sannarlega kostar. Sú gjaldskrá sem hér liggur fyrir er skref í rétta átt til að innheimta fyrir raunkostnaði. Stjórn samþykkir drög að gjaldskrá skipulagsfulltrúa og sendir þau til sveitarstjórna aðildasveitarfélaganna til staðfestingar.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirliggjandi drög að gjaldskrá.

e) Fundargerð nefndar oddvita/sveitarstjóra í yfirstjórn velferðarmála í Árnesþingi (NOS), 20. maí 2021.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

f) Fundargerð 302. fundar stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands, 18. maí 2021.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

g) Fundargerð 212. fundar Heilbrigðisnefndar Suðurlands, 7. júní 2021.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

h) Fundargerð 12. fundar byggingarnefndar Búðarstígs 22, 8. júní 2021.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

i) Fundargerð 570. fundar stjórnar SASS, 4. júní 2021.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

j) Fundargerð XXXVI. landsþings Sambands íslenskra sveitarfélaga, 21. maí 2021.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

k) Fundargerð 898. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, 28. maí 2021.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

2. Skipulagsmál - 2012001 - Foss L168242; Foss 2 og 3; Skipting lands og stofnun lóða.

Lögð er fram að nýju umsókn Landforms, dags. 30. nóvember 2020 og bréf dags. 8. júní 2021, f.h. landeigenda um skiptingu jarðarinnar Foss L168242 í þrjá hluta. Óskað er eftir að stofna annars vegar 179,95 ha landeign sem fengi staðfangið Foss 2 og hins vegar 152,51 ha landeign sem fengi staðfangið Foss 3. Eftir skiptin mælist Foss með stærðina 236,05 ha skv. meðfylgjandi lóðablaði en hún er í dag skráð með stærðina 0,0 í fasteignaskrá þar sem hnitsett uppmæling hennar hefur ekki legið fyrir fyrr en nú. Aðkomur að landeignunum eru frá Kiðjabergsvegi (353) um núverandi aðkomur að sumarbústöðum innan jarðarinnar skv. lóðablaði. Erindið var samþykkt á fundi sveitarstjórnar þann 16. desember 2020 en fyrirvari sem settur var um að samþykki aðliggjandi landeigenda liggi fyrir var felldur úr gildi af Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála þann 30. apríl 2021.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirliggjandi umsókn. Ekki er gerð athugasemd við staðfestingu landskipta skv. 13. gr. jarðalaga.

3. Beiðni um námsvist utan lögheimilissveitarfélags.

Fyrir liggur beiðni Christiane Luise Mueller og Ólafs Inga Kjartanssonar um að börn þeirra fái námsvist utan lögheimilissveitarfélags við Bláskógaskóla á Laugarvatni.

Sveitarstjórn hafnar erindinu samhljóða.

4. Beiðni um styrk frá SEM (Samtökum endurhæfðra mænuskaddaðra).

Fyrir liggur bréf frá Arnari Helga Lárussyni f.h. SEM samtakanna, dags. 2. júní 2021, þar sem óskað er eftir styrk til kaupa á hjólastóla-fjallahjólum.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að styrkja verkefnið um 100.000 kr.

5. Hlutabréfakaup í Límtré-Vírnet.

Lagt fram að nýju bréf frá Stefáni Árna Einarssyni forstjóra Límtré-Vírnets, dagsett 28. apríl 2021 þar sem óskað er eftir afstöðu sveitarfélagsins til þess að selja hlutabréf sín í Límtré-Vírnet til Stefáns. Á sama tíma er verið að að kanna áhuga annarra minnihlutaeigenda á sölu á þeirra hlutabréfum í fyrirtækinu. Hugsanleg kaup á hlutabréfum eru gerð með fyrirvara um samþykki hluthafa Límtré-Vírnets svo og um fjármögnun á kaupunum.

Á 504. fundi sveitarstjórnar fól sveitarstjórn oddvita að afla frekari upplýsinga um málið.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að selja ekki umrædd bréf.

6. Beiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi um umsögn vegna leyfis til reksturs gististaðar í flokki II í Fljótsbakka 5, Grímsnes- og Grafningshreppi.

Fyrir liggur bréf frá Sýslumanninum á Suðurlandi, dagsett 4. júní 2021, um umsögn vegna leyfis til reksturs gististaðar í flokki II í Fljótsbakka 5, Grímsnes- og Grafningshreppi.

Sveitarstjórn gerir athugasemdir við að leyfið verði veitt þar sem lóðin er skipulögð sem frístundabyggð en ekki viðskipta- og þjónustulóð.

7. Beiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi um umsögn vegna leyfis til reksturs gististaðar í flokki II í Lækjarbakka 25, Grímsnes- og Grafningshreppi.

Fyrir liggur bréf frá Sýslumanninum á Suðurlandi, dagsett 4. júní 2021, um umsögn vegna leyfis til reksturs gististaðar í flokki II í Lækjarbakka 25, Grímsnes- og Grafningshreppi.

Sveitarstjórn gerir athugasemdir við að leyfið verði veitt þar sem lóðin er skipulögð sem frístundabyggð en ekki viðskipta- og þjónustulóð.

8. Ályktun stjórnar Félags atvinnurekenda vegna fasteignamats 2022.

Fyrir liggur bréf frá Ólafi Stephensen framkvæmdastjóra Félags atvinnurekenda, dagsett 1. júní 2021, þar sem komið er á framfæri ályktun stjórnar Félags atvinnurekenda. Í ályktuninni er skorað á

sveitarfélög að lækka álagningarprósentu fasteignaskatts á atvinnuhúsnæði við gerð fjárhagsáætlana fyrir næsta ár til þess að bregðast við miklum hækkunum fasteignamats fyrir árið 2022.

Lagt fram til kynningar.

9. Minnisblað sviðsstjóra kjarasviðs Sambands íslenskra sveitarfélaga um launaþróun sveitarfélaga.

Fyrir liggur minnisblað frá sviðsstjóra kjarasviðs Sambands íslenskra sveitarfélaga, dagsett 26. maí 2021, um launaþróun sveitarfélaga.

Lagt fram til kynningar.

10. Umburðarbréf vegna breytinga á jarðalögum nr. 81/2004.

Fyrir liggur umburðarbréf vegna breytinga á jarðalögum nr. 81/2004 frá Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, dagsett 28. maí 2021.

Bréfið lagt fram til kynningar.

11. Aðalfundur Eignarhaldsfélags Suðurlands.

Fyrir liggur bréf frá Bjarna Guðmundssyni f.h. stjórnar Eignarhaldsfélags Suðurlands, dagsett 8. júní 2021, það sem boðað er til aðalfundar félagsins þann 28. júní n.k. Fulltrúi sveitarfélagsins á aðalfundi Eignarhaldsfélagsins er Smári Bergmann Kolbeinsson.

Fundarboðið lagt fram til kynningar.

12. Framhaldsaðalfundur Landskerfis bókasafna hf. 2021.

Fyrir liggur bréf frá stjórn Landskerfis bókasafna, dags. 9. júní 2021, þar sem boðað er til framhaldsaðalfundar félagsins þann 19. maí 2021. Fundurinn fer fram í fjarfundarbúnaði.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að Ragna Björnsdóttir verði fulltrúi sveitarfélagsins á fundinum.

13. Ársreikningur Kvenfélags Grímsneshrepps 2020.

Fyrir liggur ársreikningur Kvenfélags Grímsneshrepps fyrir árið 2020.

Lagður fram til kynningar.

14. Ársskýrsla Heilbrigðisstofnunar Suðurlands 2020.

Fyrir liggur ársskýrsla Heilbrigðisstofnunar Suðurlands fyrir árið 2020.

Skýrslan lögð fram til kynningar.

15. Ársskýrsla Héraðsskjalasafns Árnesinga 2020.

Fyrir liggur ársskýrsla Héraðsskjalasafns Árnesinga fyrir árið 2020.

Skýrslan lögð fram til kynningar.

16. Kerfisáætlun Landsnets 2021-2030.

Fyrir liggur að kerfisáætlun Landsnets fyrir árin 2021-2030 er komin í opið umsagnarferli.

Lagt fram til kynningar.

17. Kynning frá Orku náttúrunnar um fyrirhugaðar breytingar á rekstri öryggislosunar á gufu og skiljuvatnsveitum Nesjavallavirkjunar.

Á fundinn mættu Magnea Magnúsdóttir og Gunnlaugur Brjánn Haraldsson frá Orku náttúrunnar og kynntu fyrirhugaðar breytingar á reksti öryggislosunar á gufu og skiljuvatnsveitum Nesjavallavirkjunar.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið kl: 11:00

UMF HVÖT 1907

Getraunanúmer UMF. Hvatar er

809

Styðjum okkar félag þegar við tökum þátt í getraunum.

Þjónustuskrá

ÁRTANGI

Opið alla daga til 20. júlí
frá 10-16. Lokað 17.júni

www.artangi.is

Feðgaverk

Klausturhólar 805 Selfoss
Sími: 848-1123 Jóhannes &
868-4115 Guðmundur
verktaki89@gmail.com

Sveitagarðurinn

Komdu og skoðaðu dýrin og hoppukastala frá 12-18

Finndu okkur á Facebook

Smiðsholt

Smiðsholt ehf

S: 897-4951

Öll almenn trésmíðavinna

Löggiltur húsasmíðameistari

Straumver ehf

www.straumver.is
Kringla 2 Grímsnes- og Grafningshr.
805 Selfoss
Askalind 7 201 Kópavogur
Sími: 892-0518 / 866-6068
straumver@gmail.com

Úlfljótsvatn

Úlfljótsvatn

Fjölskyldutjaldsvæði

SÓLHEIMAR
SJÁLFBÆRT SAMFÉLAG

Kaffi í Grænukönnunni, listsýningar og viðburðir í allt sumar Opið 11-18

Tjaldsvæðið Borg

Opið í allt sumar

Viðburðir þegar veður leyfir

Upplýsingar á Facebook

Viðburðardagatal Grímsnes- og Grafningshrepps sumarið 2021

Júlí:

	Hoppukastalar Skátalands á Úlfljótsvatni allan júlí
3. júlí	Tónleikar á Sólheimum - Regína Ósk
10. júlí	Tónleikar á Sólheimum - Salka Sól
17. júlí	Tónleikar á Sólheimum - Axel Ó
24. júlí	Tónleikar á Sólheimum - Herra Hnetusmjör
31. júlí	Tónleikar á Sólheimum - Teitur Magnússon

Ágúst:

Verslunarmannahelgi

	Fjölskylduhátíð á Úlfljótsvatni
	Harmonikuunnendur koma saman á Tjaldsvæðinu Borg
1. ágúst	Sléttusöngur á Tjaldsvæðinu Borg – sunnudag
7. ágúst	Tónleikar á Sólheimum - Óvæntir gestir !
7. ágúst	Grímsævintýri á BORG
14. ágúst	Þorgeir Ástvaldsson og vinir, minningartónleikar Ragga Bjarna
	Lífræni Dagurinn
15. ágúst	Íbúum Grímsnes– og Grafningshrepps boðið heim.
	Tónlist fyrir gesti og gangandi á Sólheimatorgi
21. ágúst	Tónleikar á Sólheimum - Fríða Dís

Frekari upplýsingar um viðburði á heimasíðu Sólheima, Úlfljótsvatns og Grímsnes– og Grafningshrepps.

Fréttatilkynning

Á aðalfundum hestamannafélaganna í uppsveitum Árnessýslu, Loga, Trausta og Smára, var samþykkt að félögin skyldu sameinast í eitt og stærra hestamannafélag. Starfssvæði sameinaðs félags verður, talið frá vestri til norðurs og austurs; Grímsnes-, og Grafningshreppur, Bláskógabyggð, Hrunamannahreppur og Skeiða-og Gnúpverjahreppur í austri.

Aðdragandinn

Stjórnir félaganna lögðu samhljóða tillögur fyrir aðalfundi Smára, Loga og Trausta, í jan og feb 2020, þar sem samþykkt var að stjórnir félaganna gengju til sameiningarviðræðna, undir þeim formerkjum að stofnað verði nýtt sameinað hestamannafélag í Uppsveitum Árnessýslu. Ákveðið var að skipa í sameiningarnefnd, tveir frá hverju félagi og tók sú nefnd til starfa í maí 2020.

Nefndin lagði fram greinargerð um vinnu nefndarinnar til stjórna félaganna núna á vordögum og hún síðan kynnt fyrir félagsfólki allra félaganna með opnum kynningarfundum og dreift rafrænt. Mjög góðar umræður sköpuðust hjá öllum félögunum og ljóst að félagsfólki allra félaganna er í mun að sameiningin takist vel og öll svæðin haldi sínum sérkennum, hefðum og venjum og að framkvæmd sameiningar sé tæknilega rétt unnin.

Það varð síðan ljóst að loknum aðalfundum félaganna að vilji til að sameinast er mikill og nánast einhugur um að ganga til sameiningar. Skipað hefur verið í starfstjórn nýs félags sem mun hefja störf á næstu dögum.

Bragi Viðar Gunnarsson, formaður Smára
Svavar Jón Bjarnason, formaður Loga
Birgir Leó Ólafsson, formaður Trausta

Gæðingamótið á Flúðum

Opna gæðingamótið á Flúðum verður haldið dagana 22. - 25. júlí næstkomandi. Mótið verður með svipuðu sniði og fyrri ár þar sem keppt verður í öllum helstu flokkum gæðingakeppninnar ásamt því að keppt verður í tölti T3 og T7. Einnig verður keppt í 100m flugskeiði.

Opna gæðingamótið á Flúðum er opið fyrir keppendur allra hestamannafélaganna í landinu en er einnig félagsmót Loga, Smára og Trausta. Því hvetjum við heimafólk að taka þátt í þeim greinum sem í boði eru.

Mótið verður auglýst nánar á samfélagsmiðlum og í héraðsblöðum þegar nær dregur.

Mótanefnd Loga, Smára og Trausta.

LOGI SMÁRI TRAUSTI

Tökum að okkur
STÓR og smá verk:

jarðvinnu - tætingu - snjómokstur - bílaflutninga, jarðheflun & fólksflutninga.

Feðgaverk

Jóhannes og Guðmundur
Gsm: 848 - 1123 & 868 - 4115
Email: verktaki89@gmail.com

Verslunin Borg

Sumaropnunartími:

Mánudaga:	09:30-18:30
Þriðjudaga:	09:30-18:30
Miðvikudaga:	09:30-18:30
Fimmtudaga:	09:30-18:30
Föstudaga:	10:00 - 20:00
Laugardaga:	10:00 - 20:00
Sunnudaga:	11:00 -18:00

Tilboð eru auglýst á facebooksíðu verslunarinnar
www.facebook.com/VersluninMinniBorg
Sími: 551-7509

Hlökkum til að sjá ykkur kæru viðskiptavinir.

HÓTEL
GRÍMSBORGIR
FIMM STJÖRNU HÓTEL

Hótel Grímsborgir bjóða með stolti til ABBA gleði-sýningar undir stjórn Gunnars sem hefur fengið með sér úrvals listamenn.

Lagt er upp í sýninguna með þekktustu lög ABBA þar sem flestir geta sungið með.

Verð án gistingar með 3ja rétta kvöldverð: 12.900 kr á mann.

Verð með gistingu og 3ja rétta kvöldverð: 29.950 kr. á mann í 25m Superior herbergi með aðgang að heitum potti ásamt morgunverði.

Dagsetningar:
Föstudagurinn 2. júlí, laugardagurinn 10. júlí og laugardagurinn 17. júlí

Bókanir og nánari upplýsingar eru að finna í síma 555-7878 eða á https://www.grimsborgir.is/vidburdir/

Hlökkum til að taka á móti ykkur!

Fjölbreytt verkefni vinnuskólans í sumar

Vinnuskóli sveitarfélagsins hóf störf mánudaginn 7. júní og mun standa til föstudagsins 23. júlí, eða í átta vikur. Fjórir unglingar eru í skólanum í sumar, sem er mun færra en síðasta sumar en það skýrist líklega af meira vinnuframboði. Markmið vinnuskóla Grímsnes- og Grafningshrepps er að bjóða upp á hollt og uppbyggjandi sumarstarf fyrir ungmenni í sveitarfélaginu, fjölbreytt verkefni, kennslu í faglegum vinnubrögðum, fræðslu um notkun og meðferð algengra verkfæra og um náttúru og umhverfi. Einnig að ungmennin afli sér reynslu og þekkingar, sem að gagni kemur á sviði verklegra framkvæmda. Auk þess er boðið upp á fræðslu en Jafningafræðsla Suðurlands kom einmitt i heimsókn þriðjudaginn 15. júní s.l.
Meðal verkefna vinnuskólans í sumar er gróðursetning á tjaldsvæðinu á Borg, gróðursetning í Yndisskóginum, ruslatínsla, málning grindverka og leiktækja, sláttur á nokkrum stöðum, auk annarra fjölbreyttra verkefna. Umsjónarmaður vinnuskólans í sumar líkt og síðasta sumar er Magnús Hlynur Hreiðarsson, sem tók meðfylgjandi myndir.

Plönturnar sem gróðursettar voru á nýja hluta tjaldsvæðisins á Borg. Hér eru þær Ísold og Georgia.

Það getur komið sér vel að vera með flugnanet þegar unnið er úti alla daga sumarsins.

Matthías Fossberg að slá á sundlaugarsvæðinu á Borg.

Farið er reglulega á grenndarstöðvar sveitarfélagsins og rusl týnt þar og passað að gengið sé vel um svæðin.

Frá námskeiði Jafningafræðslu Suðurlands þar sem víða var komið við í málefnum ungs fólks.

Sólmundur Magnús Sigurðsson og Emilía Sól Guðmundsdóttir frá Jafningafræðslu Suðurlands voru með mjög áhugaverða dagskrá fyrir vinnuskólann þriðjudaginn 15. júní. Þau fjölluðu meðal annars um kynjafræði, kynfræðslu, samfélagsfræði og fjármálalæsi. Á myndinni eru Georgia Vera, Ísold Assa, Katla Rún, Matthías Fossberg og í rólunum sitja Emilía Sól og Sólmundur Magnús

Nudd og Heilsustofan á Laugarvatni býður uppá; Jákvæð sálfræði (therapy) Markþjálfun, Heilsunudd, Meðgöngunudd, Svæðameðferð.
Auktu vellíðan þína og styrkleika, á þessum viðkvæmu tímum.
Hjartanlega velkomin.

Katrín Erla S. 862-4809

Yndisskógur

Haustið 2020 var byrjað á stígagerð í fyrirhuguðum Yndisskógi norðan við Borg í Grímsnes– og Grafningshreppi. Búið er að leggja grunn að um 1.800 metrum af stígum sem verða kláraðir í sumar. Skógurinn er sameiginlegt verkefni Skógræktarfélags Grímsneshrepps, Kerhólsskóla og sveitarfélagsins. Nú þegar er byrjað að planta trjám norðvestan megin á svæðinu til að mynda skjól. Markmiðið er að skapa skjólgott útivistarsvæði sem ætlað er jafnt íbúum og dvalargestum. Áhersla er lögð á uppbyggingu göngustíga og áningarstaða, með trjálundum til skjólmyndunar og óskert náttúrusvæði á stærstum hluta þess.

Á næstu árum er fyrirhugað að gróðursetja á svæðinu, gera bílastæði, grillsvæði og byggja upp afþreyingu.

Kvenfélag Grímsneshrepps 2021

27. maí	Aðalfundur
Júní	Vorgöngur
17. júní	Fjallkonan
Júní / júlí	Undirbúningur Grímsævintýra
5. ágúst	Vinnudagur fyrir Grímsævintýri
7. ágúst	Grímsævintýri
Ágúst	Heldriborgaraferð fyrir 60 ára og eldri
September	Haustfagnaður í Mörkinni
September	Haustfundur
25. sept.	Kosningakaffi
15. -17.okt.	Landsþing KÍ í Borgarnesi
Nóvember	Jólabingó
Nóvember	Jólafundur

Kæru félagskonur, endilega takið ofantalda daga frá og merkið í dagatalið.

Glansmyndir
Myndakassar

Glansmyndir er ný myndakassaleiga sem býður upp á glæsilega myndakassa fyrir öll tilefni.

Við bjóðum nú upp á snertilausan myndakassa þar sem þú getur stýrt kassanum beint úr símanum þínum.

Fermingartilboð 2021

Myndakassi og bakgrunnur á 30.900 kr.

Veldu stærri pakkann í bókunarferlinu og notaðu kóðann: ferming2021

GIF myndir · Boomerang · SMS deiling · QR kóði · Bakgrunnur

GRUNNPAKKINN
Uppsetning og frágangur
SMS & QR Kóði
Myndir-GIF-BOOMERANG
Myndir aðgengilegar á lokuðu svæði
kr. 34.900

STÆRRI PAKKINN
Uppsetning og frágangur
SMS & QR Kóði
Myndir-GIF-BOOMERANG
Myndir aðgengilegar á lokuðu svæði
Bakgrunnur að eigin vali
kr. 39.800

ALLUR PAKKINN
Uppsetning og frágangur
SMS & QR Kóði
Myndir-GIF-BOOMERANG
Myndir aðgengilegar á lokuðu svæði
Bakgrunnur að eigin vali
Myndaprentari (100 myndir)
kr. 49.800

www.glansmyndir.is

Sumaropnun

Sumaropnunartími gámastöðvarinnar
Seyðishólum frá 1. maí til 31. ágúst

Opið er fyrir losun heimilissorps allan sólarhringinn

Mánudaga	Þriðjudaga	Miðvikudaga	Fimmtudaga	Föstudaga	Laugardaga	Sunnudaga
Lokað	13-16	Lokað	13-16	13-16	10-16	Lokað

Athugið að ofangreindur opnunartími breytist við stórhátíðir.

Lokað er á gámastöðinni eftirtalda daga: Nýársdag – Föstudaginn langa – Páskadag – Frídag verkamanna 1. maí – Hvítasunnudag – 17. Júní – Þorláksmessu – Aðfangadag jóla – Jóladag – Annan í jólum og Gamlársdag.

Ritstjóri Hvatarblaðsins er Linda Sverrisdóttir.
Ábyrgðarmaður: Ingibjörg Harðardóttir.
Efni í blaðið þarf að berast fyrir 28. hvers mánaðar á eftirfarandi netföng: linda@gogg.is eða gogg@gogg.is